

Brjef landshöfðingja til póstmeistarans út af þingsályktun 24. ágúst 1891, um útsending brjefa o. fl. — Útaf ályktun, sem samþykkt var í neðri deild alþingis í sumar sem leið, skal jeg brýna fyrir yður, herra póstmeistari, að gæta þess, að brjef þau, er viðtakendur innan Reykjavíkur hafa eigi hirt á póststofunni innan 12 stunda eptir komu pósts, sjeu send þeim tafarlaust þegar bústaður hlutadeiganda er tilgreindur á póstsendingunni, eða yður er hann á annan hátt kunnur. Sömu leiðis vil eg eptir ósk tjeðrar þingdeildar skora á yður, þegar póstaðgreiðslu- eða brjefhirðingarsýslan losnar í kaupstað eða verzlunarstað, þá að gefa mönnum þar á staðnum kost á að sækja um sýslanina að svo miklu leyti sem búízt verður við, að það hafi nokkurn árangur, sem og að annast um, að mönnum sje gefinn kostur á að gjöra tilboð um að taka að sjer póstferðir og aukapóstferðir, þegar þarf að fá nýja menn til þess starfa. Þar sem optnefnd þingdeild loks hefur farið fram á, að póstum sje gjört að skyldu að koma við og skila brjefum og veita brjefum móttöku á nokkrum stöðum milli póstaðgreiðslu- og brjefhirðingastada eptir nánari tillögum sýslunefnda. Þá fæ jeg ekki sjeð, að slíkar tillögur geti orðið teknar til greina, nema því að eins, að viðkomustaðir þeir, sem stungið er upp á, sjeu í rjettri leið póstsins, og að viðkomurnar ekki dvelji fyrir ferð hans að neinum mun.

5. jan.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um kirkjugarðsstæði fyrir Fródársókn. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef stiptsyfirvaldanna dags. 18. f. m. viðvíkjandi kirkjugarðsstæði fyrir Fródársókn, hef jeg veitt samþykki mitt til, að kirkjan og kirkjugarðurinn verði byggð í túnjadrí Ólafsvíkur, á rústum hinna nýaflogðu búða Grimsbúðar, Björnsbúðar og Steinsbúðar, þar sem sóknarnefndin hefur æskt eptir kirkjugarðsstæði, þó með því skilyrði að söfnudurinn leggi vel umgirtan stig að kirkjugarðinum, og viðhaldi honum.

5. jan.

Umboðsmanni Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs hefur verið ritað hið nauðsynlega hjeradlútandi, og verður það kostnaðarlaust fyrir Fródársókn, þó að eptirgjald eptir Ólafsvík kunni að verða lækkað vegna grasnáms við bygging kirkjugarðsins á framangreindum rústum.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, um kostnað hreppstjóra við band á Stjórnartíðindum o. fl. — Með þóknanlegu brjefi dags. 16. nóv. f. á. hafið þjer, herra sýslumaður, samkvæmt ósk hreppstjórans í Ljósavatnshreppi, Jóns Sigurgeirssonar, lagt þá spurningu fyrir mig,

6. jan.

nægur tími, þá má lengja hann síðar. Á hinn bóginn þykir okkur eigi þörf á, að stjórnarstofa landsbankans sje lengur opin en að undanfögnu, nema þegar mikil aðsókn kynni að gjöra það nauðsynlegt.

Reykjavík 18. jan. 1892.

B. Kristjánsson. Eiríkur Briem.

Jeg* er þessu álitu gæzlustjóranna með öllu samþykkur.

Reykjavík 20. jan. 1892.

L. E. Sveinbjörnsson.

4 hverjum beri að kosta band á Stjórnartíðindum og þeim bókum, sem hrepp-
6. jan. stjórum eru sendar til stuðnings við embættisfærslu þeirra.

Útaf þessu skal yður hjermed tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að með því að engin lagaheimild er til fyrir því, að greiða kostnað við bókband og viðhald á bókum þeim, sem hreppstjórum eru sendar til stuðnings við embættisfærslu þeirra, úr opinberum sjóði, verða hreppstjórnarnir sjálfir að bera þann kostnað.

5 **Brjef landshöfðingja til Guðmundar lækni Guðmundssonar á Laug-**
19. jan. **ardælum, um borgun fyrir ferðakostnað lækna o. fl.** — Þjer hafð herra lækni, með brjefi dags. 27. f. m., sent mjer til úrlausnar svolátandi fyrirspurnir:

1. »Hefur ekki lækni leyfi til að reikna sjer peninga fyrir fylgdarmann þegar hann fer lækni-ferðir án þess honum sje skaffaður fylgdarmaður, þótt hann fari aleinn?
2. Hvaða laun bera lækni fyrir vottorð um að einhver sje lasinn svo að hann t. d. ekki geti gegnt embætti? eða getur það álitist ósanngjarnt, sje engin ákvörðun um það, að taka fyrir slík vottorð frá 2—4 krónur þar sem lífs-ábyrgðarvottorð eru miklu dýrari yfir höfuð að tala?
- 3, Hvaða borgun ber lækni fyrir dauðravottorð og líkskoðun?»

Útaf þessu skal yður hjermed þjónustusamlega tjáð, að þegar um endurgjald ferðakostnaðar eða annars kostnaðar er að ræða, þar sem ekki liggja sjersakir samningar eða önnur ákvæði til grundvallar, getur ekki komið til mála endurgjald fyrir annað en það, sem í raun og veru hefur verið til kostað, og þegar slíkir kostnaðarreikningar eru úrskurðaðir, verður spurningin því að eins um, hvort ekki hafð veriði kostað til meiru en nauðsynlegt var, eða venja og sanngirni leyfði. Það nær þannig engri átt, að hjeraðslækni eða aðrir embættismenn hafi nokkurn rjett til að heimta borgun fyrir fylgdarmann, sem þeir ekki hafa haft, þótt þeir gætu hafa haft hann, og þó að slíkt því miður kunní að hafa komið fyrir, að embættismenn og aðrir hafi í ferðakostnaðarreikningum sínum sett upp borgun fyrir fylgdarmenn, sem þeir eigi hafa notað í raun og veru, þá er það alveg ólöglegt og rangt.

Að því er snertir 2. og 3. lið fyrirspurnar yðar verður ekki öðru svar að en því, að borgun sú, sem þar um ræðir, verður að vera komin undir samkomulagi hlutaðeigenda, og miðast við fyrirhöfn þá, sem lækni-riinn hefur fyrir hverju þess, sem um er spurt, því að um þetta eru engar fastar reglur settar. Þurfi lækni-riinn, til þess að geta gefið hin umræddu vottorð samvizkusamlega, að takast á hendur ítarlegar rannsóknir og skoðanir sjerstaklega í þessum tilgangi, er vitanlega meiri ástæða fyrir hann til þess að heimta nokkuð riflegri borgun, heldur en ef svo stendur á, að hann getur gefið vottorðin án sjerstaks ómaks. — Yfir höfuð getur lækni-riinn sett upp það, er hann álitur að sjer beri